

Jafnréttisáætlun Hrafnagilsskóla 2015 – 2016

Jafnréttisáætlun þessi er gerð í samræmi við ákvæði laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008.

Áætlunin nær annars vegar til jafnréttis kynjanna meðal starfsfólks og hins vegar meðal nemenda.

Jafnréttisáætlun Hrafnagilsskóla er hluti af skólanámskrá.

Inngangur

Einn af grunnþáttum menntunar er jafnrétti (Aðalnámskrá grunnskóla 2011). Jafnrétti er regnhlífarhugtak sem nær til margra þátta t.d. aldurs, búsetu, fötlunar, kyns, kynhneigðar, litarháttar, lífsskoðana, menningar, stéttar, trúarbragða, tungumáls, ætternis og þjóðernis.

Stefna Hrafnagilsskóla er að allir, nemendur og starfsmenn, njóti jafns réttar án tillits til kyns. Tækifæri eiga ekki að byggja á kynferði heldur áhuga, hæfileikum og færni.

Ábyrgð

Skólastjóri ber ábyrgð á jafnréttisáætlun skólans og skipar jafnréttisnefnd sem ber ábyrgð á framkvæmdaáætlun og hvenær einstakir þættir hennar eru unnir.

Jafnréttisnefnd Hrafnagilsskóla

Í jafnréttisnefnd sitja fjórir stármenn skólans. Veturinn 2015- 2016 eru fulltrúarnir: Ólöf Ása Benediktsdóttir, Páll Þorgeir Pálsson, Lilja Friðriksdóttir og Hans Rúnar Snorrason. Hlutverk nefndarinnar er:

- að fylgjast með að unnið sé samkvæmt jafnréttisáætlun skólans.
- að endurskoða framkvæmdaáætlun árlega.
- að taka saman gögn sem unnin eru skv. áætluninni s.s. tölulegar upplýsingar og gera umbætur í kjölfarið sé þess þörf.

Starfsfólk

Þess skal gætt í öllum starfsháttum skólans og daglegri umgengni við starfsfólk að því sé ekki mismunað á grundvelli kynferðis. Leitast skal við að mæta þörfum beggja kynja í skólastarfinu.

Störf

Meirihluti starfsfólks Hrafnagilsskóla er konur. Í sept. 2015 var kynjasamsetning þannig að 6 karlar og 32 konur vinna við skólann. Karlar eru því 19% af starfsfólki skólans. Við nýráðningar verður leitast við að jafna kynjahlutfallið (sbr. 18., 20. og 23. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008).

- Hvernig: Gerð verður samantekt á kynjahlutfalli starfsfólks skólans eftir starfsheitum.
- Hver: Skólastjórnendur.
- Hvenær: Á hverju ári.

Starfsþjálfun og endurmenntun

Konum og körlum sem vinna sambærileg störf í skólanum skal til jafns standa til boða starfsþjálfun og endurmenntun (sbr. 18., 20. og 23. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008).

- Hvernig: Við gerð símenntunaráætlana skal þess gætt að kynjunum sé ekki mismunað og tilboð séu við hæfi beggja kynja. Starfsfólki skal standa til boða fræðsla um jafnréttismál.
- Hver: Skólastjórnendur.
- Hvenær: Við gerð endurmenntunaráætlana skólans.

Laun

Nauðsynlegt er að fylgjast með launum starfsmanna út frá kynjasjónarmiðum og að jafna laun kynjanna komi launamunur í ljós.

- Hvernig: Gerð verður úttekt þar sem skoðuð verða grunnlaun, yfirvinnugreiðslur o.s.frv. eftir kyni og starfsheitum. Komi launamunur í ljós verður leitað leiða við að leiðrétta það.
- Hver: Skólastjóri og skrifstofustjóri Eyjafjarðarsveitar.
- Hvenær: Vor 2015

Samræming starfs og einkalífs.

Mikilvægt er að starfsfólk hafi tækifæri til þess að sinna skyldum sínum í starfi jafnt sem einkalífi og gott að jafnvægi sé þar á milli. Reynt er að koma til móts við starfsmenn um sveigjanleika í störfum þar sem þess er kostur (sbr. 21. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008).

- Hvernig: Óskir starfsfólks um sveigjanleika verði metnar eftir aðstæðum. Skoðað með starfsmannakönnunum hvernig samræming starfs og einkalífs er.

- Reglur meðal starfsfólks t.d. um að taka börn með í vinnu.
- Hver: Stjórnendur og jafnréttisnefnd skólans.
 - Hvenær: Jafnt og þétt.

Kynferðisleg áreitni, kynbundið áreiti og einelti

Gerðar hafa verið leiðbeiningar fyrir Akureyrarbæ um viðbrögð við kynferðislegu áreiti, kynbundinni áreitni og einelti á vinnustöðum. Stuðst er við þessar leiðbeiningar í Eyjafjarðarsveit.

http://www.akureyri.is/static/files/vefmyndir/akureyri/pdf/areitni_og_einelti_uppfardar_lidbeiningar.pdf

Allt starfsfólk skólans þarf að vera meðvitað um ábyrgð og færar leiðir ef upp koma tilvik sem varða kynferðislega áreitni eða einelti (sbr. 22. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008).

- Hvernig: Jafnréttisnefnd skólans sér til þess að bæklingurinn sé kynntur og aðgengilegur öllu starfsfólki.
- Hver: Jafnréttisnefnd skólans og skólastjórnendur.
- Hvenær: Að hausti ár hvert.

Nemendur

Þess skal gætt í öllum starfsháttum skólans og daglegri umgengni við nemendur að þeim sé ekki mismunað á grundvelli kynferðis og skal orðræða starfsfólks taka mið af því. Leitast skal við að mæta þörfum beggja kynja í skólastarfinu.

Fræðsla

Leitast skal við að vinna samkvæmt markmiðum Aðalnámskrá grunnskóla þar sem ein af grunnstöðum menntunar er jafnrétti (sbr. 23. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt rétt kvenna og karla nr. 10/2008 og Aðalnámskrá grunnskóla 2011).

- Hvernig: Grunnskólinn starfar samkvæmt markmiðum Aðalnámskrár. Markmið sem lúta að kennslu í jafnréttismálum eru tilgreind í mörgum greinum og skulu kennarar taka mið af því.
- Á síðunni www.jafnrettiiskolum.is er að finna námsefni og upplýsingar sem nýtast við kennslu. Gerð verður grein fyrir jafnréttisfræðslu vetrarins í bekkjarnámskrám, kennsluáætlunum og/eða kennsluskýrslum.
- Einnig er bent á námsefni á vef Námsgagnastofnunar t.d. bókina *Lifað í lýðræði* þar sem kennsluefni er ætlað efri bekkjum grunnskólans.
<http://vefir.nams.is/flettibaekur/namsefni/lifadilid/#1>
- Hver: Kennarar.
- Hvenær: Allt skólaárið.

Náms- og starfsfræðsla

Mikilvægt er að kynna bæði stúlkum og piltum möguleika á framhaldsmenntun og störfum sem litið hefur verið á sem hefðbundin kvenna- eða karlastörf. Jafnframt hvetja nemendur til að prófa það sem hentar hverjum og einum burtséð frá kyni (sbr. 23. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008).

- Hvernig: Atvinnukynningar í skólanum. Fólk af vinnumarkaðnum (t.d. foreldrar) er fengið til að halda stutta fyrirlestra og svara fyrirspurnum. Leitast verður við að fá fólk sem hefur valið sér óhefðbundnar leiðir í námi og starfi m.t.t. kyns. Samverustundir (bæði í yngri bekkjum og á unglingastigi) nýttar til kynninga.
- Hver: Skólastjórnendur og stigstjórar
- Hvenær: Dreifist yfir skólaárið.

Kynferðisleg áreitni og kynbundið áreitni

Nemendur fá fræðslu um kynferðislega áreitni og kynferðislegt ofbeldi. Umræðunni skal halda lifandi og nemendum skal ætíð vera ljóst hvert þeir geta leitað eftir aðstoð komi slík mál upp (sbr. 22. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008).

- Hvernig: Nemendur fá fræðslu um kynþroska, kynlíf og siðferði í samskiptum kynjanna samkvæmt markmiðum Aðalnámskrár. Nýttar verða samverustundir á unglingastigi og einnig bekkjartímar fyrir fræðslu.
- Hver: Skólastjórnendur og kennarar.
- Hvenær: Þegar við á samkvæmt kennsluáætlunum.

Samstarf heimila og skóla

Starfsfólk skólans þarf að vera meðvitað í samskiptum við foreldra/forráðamenn og gæta þess að útiloka ekki annað foreldri/forráðamann á grundvelli kyns. Mikilvægt er að litið sé á feður og mæður sem jafngild í foreldrasamstarfinu.

- Hvernig: Í samskiptum við heimili sé þess gætt að báðir foreldrar séu jafngildir í samstarfinu. Umsjónarkennarar haldi utan um kynjamætingu í foreldraviðtölum.
- Hver: Skólastjórnendur og kennarar.
- Hvenær: Í foreldraviðtölum og þegar við á.

Framkvæmdaáætlun 2015 – 2016 Nemendur

	Tímasetning	Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Lokið
Náms- og starfsfræðsla.	Skólaárið 2015-2016 Á samverustundum.	Að nemendur fái kynningu á ólíkum störfum.	Að foreldrar komi og kynni störf sín. Fara á vettvang.	Skólastjórnendur og jafnréttisnefnd.	Vor 2016
	Haustönn 2015.	Að gera nám nemenda skilvirkara.	Námstækni-námskeið fyrir 9. bekk.	iðjupjálfi/skólastjórn.	Haust 2015
Kennslu og námsgögn.	Skólaárið 2015-2016 Vinna í tengslum við alþjóðlegan dag jafnréttis.	Að kennsla og námsgögn mismuni ekki kynjunum.	Að skoða kennslubækur jafnt og þétt með kynjagleraugum og passa upp á staðalímyndir. Umræða í bekkjum.	Allir kennarar, stigstjórar og jafnréttisnefnd.	Vor 2016 Alltaf í gangi.
Fræðsla um jafnréttismál	Jafnt og þétt yfir skólaárið.	Að nemendur fái fræðslu um jafnréttismál. Að búa bæði kynin undir jafna þátttöku í samfélaginu svo sem í fjölskyldu- og atvinnulífi.	Nýta samverustundir til umræðna og fræðslu. Fá utanaðkomandi aðila með fræðslu. Umræða í gæðahringjum í bekkjunum. Verkefnavinna. Grípa fréttæfni úr samfélagsumræðu.	Jafnréttisnefnd, stigstjórar, kennarar.	Vor 2016
	Jafnt og þétt yfir skólaárið.	Að nemendur fái fræðslu um jafnréttismál, vitundarvakning.	Að vinna á fjölbreyttan hátt með hugtakið jafnrétti.	Stjórnendur, jafnréttisnefnd, stigstjórar og kennarar.	Vor 2016
	Á haustdögum og jafnt og þétt á skólaárinu.	Að nemendur fái fræðslu um jafnréttismál.	Búa til skipulag um hvaða fræðsla þarf að vera og hvenær. Skipta viðfangsefnum niður á stig.	Jafnréttisnefnd og stigstjórar.	Vor 2016

Samstarf heimilis og skóla.	Í foreldra- viðtölum haust 2015 og vor 2016.	Að mæður og feður taki jafnan þátt í skólastarfi barna sinna. Að starfsfólk skólans sé meðvitað í samskiptum við foreldra og útiloki ekki annað foreldrið á grundvelli kyns.	Að skrá hverjir mæta í foreldraviðtöl. Tala til allra aðila í viðtalinu. Að starfsfólk sé meðvitað um að hringja jafnt í mæður og feður. Skoða það með rafrænni könnun.	Umsjónar- kennarar og jafnréttis- nefnd.	Vor 2016
	Skólaárið 2015 – 2016.	Að mæður og feður taki jafnan þátt í skólastarfi barna sinna.	Fylgjast með kynjahlutfalli í skólaráði og stjórn foreldrafélagsins. Hvetja bæði kynin til að taka þátt.	Fráfarandi stjórn í foreldrafélagi og skólastjóri.	Vor 2016